



Jón Eggertsson

Fæddur 21. nóvember 1925

Dáinn 19. janúar 2022

Útför frá Reykholtskirkju
laugardaginn 5. febrúar 2022

Forspil

Kvöldsigling

Gísli Helgason - Jón Sigurðsson

Bæn

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.



Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
glaðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.

*Þjóðlag frá Schlesiu / Breslau
Valdimar Briem*

Ritningarlestur

Mér finnst ég varla heill, né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef þú værir hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja
eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum,
er rökkvar, ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niðrað strönd.
Fundið stað,
sameinað
beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn.
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar,
ég reyndar sé þig alls staðar,
þá napurt er.
Það næðir hér
og nístir mig.

*Jóhann Helgason
Vilhjálmur Vilhjálmsson*



Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
 Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
 leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
 ∴ Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
 fyrir sakir nafns síns.
 Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
 því þú ert hjá mér,
 sproti þinn og stafur hugga mig.
 Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
 þú smyr höfuð mitt með olíu,
 bikar minn er barmafullur.
 Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
 og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
 Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.∴

*Margrét Scheving
 23. Davíðssálmur*



Guðspjall

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
 sem þekkir mig og verkin mín.
 Ég leita þín, Guð leiddu mig
 og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
 sú rétta virðist aldrei greið.
 Ég geri marga, sem miður fer
 og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
 ég betur kunni þjóna þér,
 því veit mér feta veginn þinn,
 að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag
 Pétur Þórarinnsson*

Minningarorð

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á.
 Sterklegur skrokkurinn vaggar til og frá.
 Líf okkar allra og limi hann ber
 Langt út á sjó, hvert sem hann fer.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á.
 Stormar og sjóir því grandað ekki fá.
 Við allir þér unnum þú ást okkar átt
 Ísland nú nálgumst við brátt.

Ísland, gamla Ísland ástkær fósturjörð
 Við eflum þinn hag, hvern einasta dag.
 Í stormi og hríð, hvert ár alla tíð.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á
 Sterklegur skrokkurinn vaggar til og frá.
 Íslandið stolt upp úr öldunum rís
 Eyjan sem kennd er við ís.

Gylfi Ægisson



Bæn - Faðir vor

Faðir vor, þú, sem ert á himnum.
Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
verði þinn vilji, svo á jörðu sem á
himni.
Gef oss í dag vort daglegt brauð.
Og fyrirgef oss vorar skuldir,
svo sem vér og fyrirgefum vorum
skuldunautum.
Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa
oss frá illu.
Því að þitt er ríkið,
mátturinn og dýrðin
að eilífu.
Amen.

Moldun

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing
Matthías Jochumsson*

Eftirspil Sjómannavalsinn

Svavar Benediktsson - Kristján frá Djúpalæk

Prestur: Hildur Björk Hörpudóttir
Organisti og harmonikkuleikari: Þórður Sigurðarson
Trompetleikari: Atli Guðlaugsson
Tindatrío: Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason
og Guðlaugur Atlason
Umsjón: Borg útfararþjónusta

Fjölskylda Jóns þakkar auðsýnda samúð og vinarhug

Jarðsett verður í Gilsbakkakirkjugarði